Alþingi
Erindi nr. Þ 138/684
komudagur 11.12.2009

NASDAQ OMX

**Nefndasvið Alþingis**
**Austurstræti 8-10**
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 10. desember 2009
Tilv. 111
ÁSK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 228. mál.**

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis frá 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallarinnar um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (gjöld á eftirlitsskyldar fjármálastofnanir), 228. mál.

Kauphöllin gerir ekki athugasemd við frumvarpið en leggur áherslu á að eðlilegt sé að Fjármálaeftirlitið haldi aðskildum kostnaði við rannsókn bankahrunsins frá öðrum rekstrarkostnaði og innheimti þann kostnað af skilanefndum gömlu viðskiptabankanna. Kauphöllin telur hækkun á álagningarhlutfalli kauphalla umtalsverða, ekki síst með hliðsjón af efnahagsaðstæðum. Álítur hún því afar brýnt að hagkvæmni verði gætt í hvívetna svo ekki þurfi að koma til frekari hækkana.

Virðingarfyllst,

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.